

MÍÐBÆR HRAUN VESTUR

GREINARGERÐ OG SKIPULAGSSKILMÁLAR



Skipulagsstofnun

Mótt.: 25. feb. 2019
Málnr.



HAFNARFJARÐARBÆR

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSPJÓNUSTA

april 2015
Endurauglýst apríl/maí 2018
Útgáfa 0.3, febrúar 2019

MIDBÆR HRAUN VESTUR

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst frá 4. apríl til 16. maí 2018.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulags- og byggingarráði 12. febrúar 2019.

Samþykkt í bæjarstjórn 20. febrúar 2019.

Deiliskipulagstillagan var fyrst auglýst frá 4. júní til 17. júlí 2015.

Deiliskipulagið var fyrst samþykkt í skipulags- og byggingarráði 25. ágúst 2015.

Samþykkt fyrst í bæjarstjórn 2. september 2015.

Deiliskipulagið öðlaðist gildi 2019.

Greinagerð þessi gildir með uppdrætti „Miðbær Hraun vestur“ dags. apríl 2015, endurauglýst í apríl/maí 2018, ásamt húsaskrá Bygðasafns Hafnarfjarðar 2015.

Fyrsta útgáfa skilmála þessara, sem var auglýst til kynningar, er merkt 0.0. Næsta útgáfa sem gefin verður út samhliða gildistöku verður merkt 0.4 og þar verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem kunna að hafa átt sér stað síðan tillagan var síðast auglýst. Síðari breytinga, sem gerðar verða á skipulagsskilmálunum verður getið í þeirri röð sem þær eru afgreiddar í skipulags- og byggingarráði. Breytingarnar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer.

Útgáfa 0.1, breytingar ágúst 2015: Bætt við uppdráttum af breyttum skipulagsmörkum. Uppdráttur fyrir breytt mörk skipulags fyrir Hafnarfjörð Miðbær 1981 sýnir á hvaða svæði uppdrátturinn fellur úr gildi. Einnig var bætt við uppdráttum af breyttu deiliskipulagi fyrir einstakar lóðir sem falla úr gildi við gildistöku þessa skipulags. Málfar lagfært og stafsetningarvillur leiðréttar.

Útgáfa 0.2, breytingar maí 2018: Forsíða greinargerðar uppfærð, ný dagsetning. Bætt inn í kaflann „Markmið“ á bls. 1-2 upplýsingum um gildistöku „Samþykktar um bílastæðasjóð Hafnarfjarðar“.

Útgáfa 0.3, breytingar febrúar 2019: Bætt við 3. mgr. í kaflanum „Almennir skilmálar fyrir öll hús“ skilmálum um bílastæði fyrir nýjar íbúðir í þegar byggðum húsum. Afmörkun Einarsreits við Kjóahraun næst Reykjavíkurvegi og Smyrlahraun 15 leiðrétt. Færður inn byggingarreitur fyrir bílskúr á lóð nr. 26 við Arnarhraun.

EFNISYFIRLIT:

FORSENDUR

Afmörkun svæðis	1
Aðliggjandi skipulagssvæði	-
Markmið	-
Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025	-

GREINING OG SKRÁNING

Landnotkun	-
Hverfisvernd	-
Eignarhald	-
Umferð	-
Stígar	-
Aldur húsa og friðun	3
Skólar	-
Leiksvæði og græn svæði	-
Húsakönnun	-
Fornminjar	-
Landslag og sérkenni	-
Aldur húsa, kort	4
Fjöldi íbúða, kort	5

DEILISKIPULAGIÐ

Almennir skilmálar	-
Hönnun og uppdrættir	-
Opin svæði	-
Lóðir	-
Leiksvæði	-
Umferð	7
Stígar	-
Almennir skilmálar fyrir öll hús	-
Hverfisvernd	-
Skilmálar um viðbyggingar	8
Skilmálar fyrir bílskúra	-
Frágangur lóða, gróður og girðingar	-

SÉRSKILMÁLAR FYRIR EINSTAKAR GÖTUR

Arnarhraun	-
Austurgata, Álfaskeið	10-11
Gunnarssund, Hraunstígur, Hverfisgata	-
Linnetsstígur, Mánastígur	12
Mjósund, Reykjavíkurvegur, Skólabraut,	-
Smyrlahraun, Sunnuvegur, Tjarnarbraut, Urðarstígur, Vitastígur	13

STÆRÐ LÓÐA, NÝTINGARHLUTFALL O.FL.

Deiliskipulagsuppdráttur	25
Breytt skipulagsmörk	26-27
Skipulög sem falla úr gildi	28-34

FORSENDUR

Afmörkun svæðis

Svæðið er 22 ha. Það er frá Austurgötu að miðju Arnarhrauns, á milli Reykjavíkur-vegar og suður að Læk auk húsa milli Álfaskeiðs og Tjarnarbrautar.

Aðliggjandi skipulagssvæði

Austan við svæðið gildir skipulag fyrir Miðbæ Hraun frá árinu 2013 og austan Tjarnarbrautar skipulag fyrir Hörðuvelli/Reykaldsreit frá árinu 2001. Einarsreitur er innan svæðisins og verður skipulag hans óbreytt. Vesturhluti svæðisins milli Austurgötu og Hverfisgötu er á gildandi deiliskipulagi fyrir Hafnarfjörð Miðbæ 1981 og fellur sá hluti þess skipulags úr gildi við gildistöku nýja skipulagsins Miðbær Hraun vestur. Árið 2011 var skipulagi á reit nr. 15 breytt og reiturinn stækkaður. Sá hluti með breytingu er felldur inn í þetta skipulag. Í suðri gildir skipulag fyrir Lækjargötu-Hamar 1999. Þá er sér deiliskipulag fyrir lóð Arnarhrauns 50 sem verður óbreytt og er hluti af þessu skipulagi. Hluti deiliskipulags fyrir gatnamót Reykjavíkurvegar er innan svæðisins og verður mörkum þess breytt.

Markmið

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti eftirfarandi markmið á fundi sínum 22. janúar 2014: Stuðla skal að heildstæðu byggða- og götu mynstri í grónu hverfi og tryggja að nýbyggingar og viðbyggingar falli vel að því umhverfi sem fyrir er. Þakform og þakhalli verði ákvarðaður þannig að mælikvarði húsa sé í samræmi við umhverfið og byggðamynstur viðkomandi götu. Nýbyggingar og endurbyggingar húsa skulu vera með sama þakformi og ráðandi er við götuna. Skoðaðir verða möguleikar á útbyggingum og svölum. Ekki verði heimilt að fjölga íbúðum í þegar byggðum húsum á deiliskipulagssvæðinu. Ákvarða skal í skipulagi staðsetningu göngustíga, vernda gróður, hraun og annað landslag þar sem þess er þörf. Jafnræðis skal gætt varðandi alla uppbyggingu varðandi hæð húsa og nýtingarhlutfall. Farið verði yfir umferðamál með það að markmiði að bæta umferðaröryggi á svæðinu. Endalega skal gengið frá lóðamörkum á svæðinu. Tekið skal mið af stefumörkun um húsverndun í Hafnarfirði (2002), þar sem bent er á mikilvægi þess að hverfisvernda einstök hús og götumyndir og ekki verði gert ráð fyrir niðurrifi húsa á svæðinu nema í algjörum undantekningartilvikum. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar breytti á fundi sínum 27.05.2015 markmiði um að ekki verði heimilt fjölga íbúðum í þegar byggðum húsum á deiliskipulagssvæðinu þannig að „heimilt verður að fjölga íbúðum í þegar byggðum húsum svo framarlega sem þær uppfylli allar kröfur um íbúðir samkvæmt kafla 6.7 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Þar sem sýnt er að ekki sé hægt að uppfylla bílastæðakröfur innan lóðar er heimilt að uppfylla þær á almennum bílastæðum gegn greiðslu sérstaks gjalds. Ekki verða sérmerkt stæði á bæjarlandi í þeim tilgangi“.

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Skv. aðalskipulagi er svæðið íbúðarsvæði nema lóð Fríkirkjunnar og lóð gamla Lækjarskóla sem eru svæði ætluð fyrir samfélagsþjónustu. Gróið hraun sem markast af Klettahrauni, Arnarhrauni og Álfaskeiði er á náttúruverndarsvæði og opið svæði til sérstakra nota er milli húsa við Álfaskeið, Arnarhraun, Tjarnarbraut og Mánastíg. Þá eru götumyndir Austurgötu og Hverfisgötu 30-62 hverfisverndaðar.

GREINING-SKRÁNING

Landnotkun

Svæðið er 22 ha. 437 íbúðir eða íbúðaeignir eru skráðar á svæðinu, 169 einbýlishús, 62 tvíbýlishús, 25 þríbýlishús og 9 fjórbylí. Auk þess eru 5 íbúðir í einu húsi, í þrem húsum eru 6 íbúðir og í einu 10 íbúðir. Flest einbýlishúsin eru í elsta hlutanum milli Álfaskeiðs og Austurgötu og við Klettahraun. Ósnert hraun er sunnan Klettahrauns þar sem hraunmynd-anir eru hverfisverndaðar. Minnismarki um Örn Arnarson skáld er á grasflöt á horni Austurgötu og Reykjavíkurvegar.

Hverfisvernd

Arnarklettur ásamt Krummakletti og Gnípu eru í grónu hrauni sem markast af Klettahrauni, Arnarhrauni og Álfaskeiði. Jafnframt eru þar gerði og mannvistarminjar.

Hverfisverndarákvæði: Hverfisvernd tekur til þess að þessum hraunmyndunum og minjum verði ekki raskað. Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarjarðar 2013-2025 eru götumyndir Austurgötu og Hverfisgötu 30-62 hverfisverndaðar.

Hverfisverndarákvæði: Óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki er heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa verður að taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar. Við viðhald og endurbyggingu húsa er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni. Óheimilt er að raska hrauni. Hverfisverndarákvæði um húsaröðina frá Álfaskeiði 35 - 53: Svip húsa verði sem minnst raskað, til dæmis þak og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist þar sem henni hefur ekki þegar verið breytt. Óheimilt er að raska ósnertu hrauni.

Eignarhald

Allar lóðir á svæðinu eru í eigu Hafnarjarðarbæjar.

Umferð

Reykjavíkurvegur sem er á jaðri skipulagssvæðisins er tengibraut, tengir hverfishluta við stofnvegakerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis. Að öðru leiti byggist gatnakerfi Miðbæjar Hrauns vestur upp á safngötum og húsagötum. Miðbær Hraun vestur er skilgreint sem 30 km hverfi en hámarkshraði á Reykjavíkurvegi er 50 km.

Aðal umferðargötur þessa hverfis eru Arnarhraun og Smyrlahraun en þessar götur bera einkenni safngatna þar sem þær þvera hverfið. Aðliggjandi húsagötur tengjast þeim og þær flytja þannig umferðina áfram út á tengibrautir. Strætó bs ekur eftir Reykjavíkurveginum og er ekki gert ráð fyrir breytingum í tengslum við akstur hans.

Stígar

Nokkrir stuttir göngustígar eru á svæðinu m.a. frá Hraunstíg að Álfaskeiði, Gunnarssundi að Hverfisgötu, milli Hverfisgötu 36 og 38 að leiksvæði, milli Hvefisgötu 35 og 37 að Vitastíg og milli Mjósunds og Álfaskeiðs. Þá er stígur frá Mánastíg að Klettahrauni og annar að hraunsvæðinu milli Klettahrauns 2 og 4. Stígur er að opnu svæði milli Mánastígs og Arnarhrauns.

Aldur húsa og friðun

Í stefnumörkun um húsverndun í Hafnarfirði, sem er fylgiskjal með Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, eru afmörkuð svæði sem byggja aðallega á tímaskeiði uppbyggingar og byggðamynstri. Mikill hluti skipulagssvæðisins er á svæði sem hefur mikla sérstöðu og krefst þess að aðgát sé höfð við breytingar á húsum og þess gætt að götummynd raskist ekki. Hús sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Þá skal leita álits Minjastofnunar Íslands ef menn hyggjast breyta, flytja eða rífa hús sem voru byggð fyrir 1925 (lög nr. 80/2012 um menningarminjar). Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 eru götummyndir Austurgötu og Hverfisgötu 30-62 og götummynd fjölbýlishúsa við Álfaskeið 35-53 hverfisverndaðar.

Skólar

Skipulagsreiturinn tilheyrir skólahverfi Lækjarskóla sem þjónar Miðbæ og Hraunum.

Leiksvæði og græn svæði

Á lóð gamla Lækjarskóla eru boltavellir og þar er gert ráð fyrir leiktækjum.

Leiksvæði er milli Hverfisgötu og Austurgötu með aðgengi milli húsa nr. 36 og 38 við Hverfisgötu. Opíð svæði er milli Arnarhrauns og Mánastígs. Þá er Lárugerði milli Austurgötu og Hverfisgötu, svæði með trjágróðri sem hentar vel til leikja.

Húsakönnun

Byggðasafn Hafnarfjarðar lauk árið 2008 við húsaskráningu fyrir Austurgötu. Öll hús á svæðinu hafa verið skráð og hefur Byggðasafn Hafnarfjarðar unnið að nákvæmari skráningu fyrir hús byggð voru fyrir 1925 og skráir jafnframt öll hús á svæðinu.

Fornminjar

Fornleifaskráning er í vinnslu.

Landslag og sérkenni

Sérkenni svæðisins er hraunið sem byggðin hefur verið felld að, jafnvel áður en götur voru lagðar. Þarna hefur skapast sambýli hrauns og húsa. Vestast hallar landinu að sjónum en er austar dregur tekur við sléttara hraun. Víða eru fallegir hraundrangar við götu og milli húsa en þeir ásamt gjótum og hraunbollum skapa sérstöðu svæðisins. Nokkur gömul tré eru á svæðinu sem ástæða er til að varðveita og þarf leyfi garðyrkjustjóra Hafnarfjarðar til að fella þau.

Síberíulerki við Arnarhraun 46, beinvaxið tré við götu.

Fallegt lerki á opnu svæði fyrir ofan Austurgötu 11.

Sitkagreni bak við Tjarnarbraut 17, hæðsta tré sem vitað er um í bænum, gróðursett 1950.

Sitkagreni á lóð Mánastígs 6, gróðursett um 1950.

Sitkagreni á lóð Arnarhrauns 40, gróðursett 1961

Garðahlynur á Tjarnarbraut 3

Hlynur á Hverfisgötu 62 sérstakur vegna þess að lauf hans gulna á haustin. Fýsilegt foreldri fyrir hlynframleiðslu fyrir svæðið.

Ilmbjörk á Hverfisgötu 63, beinstofna tré.


Ilmbjörk á Tjarnarbraut 5, beinstofna tré með hvítan börk.

Alaskaösp á opnu svæði við baklóðir Reykjavíkurvegar 22 og 24, hugsanlega svokölluð Sælandsösp og er hæðsta öspin í bænum.

Alaskaösp við Gerðið (Hverfisgötu 52b).

Einstofna gráreynir og álmur við Sunnuveg 6

HAFNARFJÖRÐUR



SKÝRINGAR

ALÐUR HÚSA

- BYGGINGARÁR 1925 EDA ELÐRA
- BYGGINGARÁR 1926-1945
- BYGGINGARÁR 1946-1965
- BYGGINGARÁR 1966-1985
- BYGGINGARÁR 1985 EDA YNGRA

MÍÐBÆR HRAUN II



SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
HAFNARFJÖRÐAR

MÁLFRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR
2012

HAFNARFJÖRÐUR



SKÝRINGAR

FJÖLDI ÍBÚÐA



MÍÐBÆR HRAUN II



SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
HAFNARFJARÐAR

MÁLFRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR
2012

DEILISKIPULAGIÐ

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð ásamt deiliskipulagsupprætti í mkv. 1:1000.

Almennir skilmálar

Eitt af markmiðum deiliskipulagsins er að stuðla að heildstæðu byggða- og götu- mynstri í grónu hverfi og tryggja að nýbyggingar og viðbyggingar falli vel að því umhverfi sem fyrir er. Það verður gert með því að virða byggingarstíl núverandi húsa og þess skal gætt að nýbyggingar og breytingar á eldri húsum falli vel að umhverfi sínu. Þetta gildir um öll þegar byggð hús á deiliskipulagssvæðinu. Áhersla skal lögð á heildarmynd og mælikvarða hins byggða umhverfis. Almenn gildir að hús stækki ekki umfram 10% af grunnfleti sínum.

Fylgja skal markmiðum stefnu stjórnvalda um íslenskan byggingararf og fram kemur í Menningarstefnu í mannvirkjagerð (apríl 2007) en hún varðar m.a. að tryggja beri verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess.

Hús sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Leita skal álits Minjastofnunar Íslands ef menn hyggjast breyta, flytja eða rífa hús sem voru byggð fyrir 1925 (lög nr. 80/2012 um menningarminjar).

Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála deiliskipulagsins, mæli- og hæðarblöð, byggingarreglugerðir og aðrar reglugerðir sem gilda um húsbyggingar. Allir hagsmunaaðilar verða að samþykkja framkvæmdir og breytingar á hæðasetn-ingu við lóðamörk sem og nýjar girðingar/ skjólveggi.

Opin svæði

Opið svæði er á reit sem afmarkast af Mánastíg, Álfaskeiði, Arnarhrauni og Tjarnarbraut. Annað opið svæði er með aðgengi frá Hverfisgötu milli húsa nr. 11 og 13. Það getur t.d. nýst sem ræktunarland matjurta fyrir íbúa aðliggjandi lóða. Hverfis- verndaða svæðið að baki lóðunum við Klettahraun, Álfaskeið og Arnarhraun er stærst opnu svæðanna.

Lóðir

Farið var yfir lóðasamninga á svæðinu sem hluta af gerð deiliskipulagsins. Það eru gerðar tillögur að breytingum á lóðamörkum þar sem það þykir til bóta eða er í samræmi við núverandi notkun. Einnig eru stærðir lóða leiðréttar þar sem nú er unnt að mæla nákvæmar en þegar upprunalegir lóðaleigusamningar voru gerðir.

Leiksvæði

Það er leiksvæði milli Hverfisgötu og Austurgötu vestan húsa nr. 34 og 36 við Hverfisgötu. Leiksvæði er við gamla Lækjarskólann og þá er garður milli lóða nr. 12 og 14 við Hverfisgötu sem nýtist m.a. til leikja ásamt svæði milli Álfaskeiðs og Klettahrauns. Skipulagssvæðið umlykur Einarsreit en innan hans eru leiksvæði. Síðar verður unnið að endurhönnun á lóð Skólabrautar 3 (gamli Lækjarskóli) með það að markmiði að tryggja öllum aldurshópum aðgengilegt og öruggt svæði til leikja og útivistar.

Umferð

Skipulagið gerir ekki ráð fyrir breytingum á gatnakerfinu en gert er ráð fyrir áfram- haldandi endurnýjun gatna svo sem á Hverfisgötu. Jafnframt er bætt við hraðahindrunum á æskilega staði.

Stígar

Gert er ráð fyrir nýjum göngustíg milli Austurgötu og Hverfisgötu og liggur milli húsa nr. 11 og 17 við Austurgötu. Þá er gert ráð fyrir göngustíg frá lóð Hverfisgötu 22 að Austurgötu við lóð nr. 21. Sá stígur tengist gönguleið um lóð nr. 22 við Austurgötu um opið svæði að Gunnarssundi og miðbænum. Göngustígur er milli Hverfisgötu 35-37 nær upp á Vitastíg.

Almennir skilmálar fyrir öll hús

Húsgerðir skulu vera óbreyttar.

Almennt er ekki er heimilt að fjölga eignum á svæðinu. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggja megi við eldri hús í hverfinu þar sem það er mögulegt þó þannig að nýtingarhlutfall á einbýlishúsalóðum fari að jafnaði ekki yfir 0.45 og á fjölbýlishúsalóðum yfir 0.7 með þeim undantekningum sem koma fram í skilmálum fyrir einstakar lóðir. Nýtingarhlutfall fari aldrei yfir það sem gefið er upp í töflu í greinargerð þessari.

Við viðhald og endurbyggingu er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er.

Efni og útlit þakklæðninga haldist óbreytt ásamt upprunalegri veggáferð húsa.

Ekki er gert ráð fyrir niðurrifi húsa nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa og viðbygginga skal taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar, yfirbragði hennar og sérkennum. Áður en veitt er leyfi fyrir niðurrifi húsa skulu uppdrættir að nýbyggingu liggja fyrir. Komi nýtt hús í stað húss sem hefur horfið skal rúmmál og mænishæð þess ekki vera meiri en þess húss sem fyrir var nema annars sé getið.

Leitast er við að gera ráð fyrir bílastæðum innan lóða og bílgeymslu þar sem það er mögulegt. Komi til fjölgunar íbúða í þegar byggðu húsi skal gera ráð fyrir 1 bílastæði fyrir hverja íbúð $\leq 80\text{m}^2$ inni á viðkomandi lóð, en 2 bílastæðum fyrir stærri íbúðir. Að öðru leyti gildir samþykkt um Bílastæðasjóð Hafnarfjarðar 2017.

Ekki er heimilt að sameina lóðir á skipulagssvæðinu.

Þegar nýtingarhlutfall er reiknað er miðað við brúttóflöt húss. Heimild til stækkunar í fermetrum miðast við að uppgefin stærð sé brúttófermetrar. Þar sem stækkun er heimiluð er það nýtingarhlutfallið sem gildir fremur en stærð í töflu.

Samþykki Minjastofnunar Íslands þarf alltaf að liggja fyrir varðandi breytingar á húsum sem eru byggð árið 1925 eða fyrr.

Hverfisvernd

Samkvæmt endurgerð aðalskipulags Hafnarfjarðar er götumynd Austurgötu og Hverfisgötu 30-62 hverfisvernduð. Í hverfisverndinni felst að óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa verður að taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar. Við viðhald og endurbyggingu húsa er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni. Óheimilt er að raska hrauni.

Fjölbýlishús við Álfaskeið 35-53 eru hverfisvernduð. Í hverfisvernd þeirra felst að svip húsa verði sem minnst raskað til dæmis þak og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist. Óheimilt er að raska ósnertu hrauni.

Skilmálar um viðbyggingar

Viðbygging skal taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar umhverfis, yfirbragði hennar og sérkennum og má ekki í hlutföllum/stærð, útliti eða gerð bera grunngerð hússins ofurliði. Stærð viðbyggingar getur aldrei orðið meiri en 10% af grunnfleti viðkomandi hæðar og ekki hærri efsta plata hússins.

Viðbygging falli að stíl hússins bæði varðandi útlit og efnisval. Sama gildir um svalir.

Viðbygging hafi sem minnst áhrif á útsýni, auki ekki skuggavarp né skerði óeðlilega umhverfisgæði nágranna. Viðbygging nái ekki nær lóðamörkum aðliggjandi lóðar en 3 metra.

Viðbygging má ekki hafa áhrif á bílastæði innan lóðar.

Þar sem heimilt er að byggja kvist má lengd hans aldrei vera meiri en helmingur af lengd langhliðar.

Skilmálar fyrir bílskúra

Heimilt er að reisa bílskúr innan byggingarreits á lóðum þar sem sýndur er byggingarreitur fyrir hann, hámarksstærð 4.2 m x 7 m. Hámarksveggshæð við aðliggjandi lóðamörk er 2.8 m. Þar sem tvær bílgeymslur eru á samsíða lóðum er heimilt að hafa mænispak á lóðamörkum, mænir þó aldrei hærri en 3.2 m. Heimilt er að hnika um 10% frá byggingarreit bílskúrs og stærð ef þurfa þykir ef meðeigendur og lóðarhafar aðliggjandi lóða samþykkja það. Hver umsókn fyrir bílgeymslur skal skoðuð sérstaklega með heildaryfirbragð húss og götummyndar í huga.

Þar sem bílskúrar eru á lóðamörkum verður kvöð á næstu lóð(um) um aðgengi til almenns viðhalds á vegg á lóðamörkum.

Frágangur lóða, gróður og girðingar

Frágangur lóða skal vera í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti og kafla 6.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Lóðarhafar skulu fylgja L- og G-tölum sem eru á mæli- og hæðarblaði þar sem þau eru fyrirliggjandi. Flái skal ekki vera brattari en 1:3 og skal enda a.m.k. 1 m frá lóðarmörkum aðliggjandi lóða. Girðingar á lóðarmörkum og við götu verði ekki hærri en 1.1 m við hús frá Álfaskeiði að Austurgötu og við Tjarnarbraut. Gróður á lóðarmörkum verði almennt ekki hærri en 1.2 m nema tré sem þegar eru til staðar og sátt er um meðal nágranna.

SÉRSKILMÁLAR FYRIR EINSTAKAR GÖTUR

Arnarhraun

Flest húsin byggð á árunum 1956-1966, flest stór einbýlishús en nokkur eru fjölbýli.

Skilmálar fyrir einstakar lóðir:

Arnarhraun 50: Heimilt er að reisa steinsteypt tveggja hæða íbúðarhús fyrir fatlaða samtals sex íbúðir ásamt aðstöðu fyrir starfsmann. Fimm bílastæði skulu vera á lóðinni þar af tvö fyrir hreyfihamlaða. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0.78. Hámarkshæð þaks frá götu er 470 sm og hámarksveggshæð 330 sm. Kvöð er um gönguleið um lóðina að opnu svæði milli húsa.

Ástæða þykir til að halda í eftirtalin tré:

Síberíulerki við Arnarhraun 46, beinvaxið tré við götu.

Sitkagreni á lóð Arnarhrauns 40, gróðursett 1961

Austurgata

Á landspildu á horni Austurgötu og Reykjavíkurvegar er minnisvarði um Örn Arnarson (Magnús Stefánsson) skáld en hann bjó í húsi sem þar stóð.

Mörg af elstu húsum bæjarins eru við götuna. Austan Austurgötu eru 23 hús og þar af 14 byggð 1925 eða fyrr og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Skilmálar fyrir einstakar lóðir:

Austurgata 33, þar er heimilt að endurbyggja geymsluskúr í sömu mynd og sá sem fyrir er auk almennra skilmála fyrir svæðið. Færsla á götugögnum vegna nýbyggingar er á kostnað lóðarhafa.

Ástæða þykir til að halda í eftirtalin tré:

Fallett lerki á opnu svæði fyrir ofan Austurgötu 11.

Hverfisvernd Austurgötu

Götumynd Austurgötu er hverfisvernduð en í því felst að óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa verður að taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar. Við viðhald og endurbyggingu húsa er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götumyndina í heild sinni. Óheimilt er að raska hrauni.

Álfaskeið

Húsin sunnan við Smyrlahraun eru flest byggð á árabílinu 1945-1965.

Álfaskeið 4, húsið var byggt 1919 og því er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta því, flytja eða rífa (lög nr. 80/2012).

Á lóðum nr. 35, 37, 30, 41,43, 45, 47, 49 og 51 er heimilt að byggja bílskúra sem eru 7.5m x 4.5 m með útbyggingu sem er að hámarki 1 m x 5,5 m alls 39.25 m².

Bílskúrarnir skulu vera með einhalla þaki og hámarkspakhalli verði 7°. Mænishæð má ekki vera hærrí en 3.3 m. Framhlið bílskúrsins skal vera 3.5 m há með lárétta efri brún. Hæðarkóti aðalgólfs í bílskúr skal vera á bilinu 19.5-21.5 m. Á lóðum nr. 41-51 eru bílskúrarnir í hæð 21-21.8 m. Þeir eru grafnir í landið að hluta til að þeir skyggi sem minnst á byggðina sem fyrir er og dragi úr umfanginu. Við viðhald húsanna skal leitast við að færa þau að utan í upprunalegt horf.

Álfaskeið 59: Hverfisvernd er á hluta lóðarinnar.

Hverfisvernd við Álfaskeið

Fjölbýlishúsvið Álfaskeið 35-53 eru hverfisvernduð. Í hverfisvernd þeirra felst að svip húsa verði sem minnst raskað til dæmis þak og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist.

Gunnarssund

Elsta húsið nr. 6 var byggt árið 1910 og það yngsta árið 2010.

Hús númer 5, 6, 7 og 10 eru byggð 1925 eða fyrr og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Nýtingarhlutfall lóðar nr. 9 er 0.75 samkvæmt skipulagi sem var samþykkt í bæjarstjórn 22.1.2009 og verður það óbreytt. Annars telst gatan fullbyggð.

Hraunstígur

Gatan byggðist á árunum 1925-1946.

Gatan telst fullbyggð og ekki heimilt að stækka þau hús sem eru við hana.

Hús við *Hraunstíg 1* var byggt 1925 og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þess hyggjast breyta því, flytja eða rífa (lög nr. 80/2012).

Hverfisgata

Við Hverfisgötu eru 26 hús sem eru byggð 1925 eða fyrr og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Skilmálar fyrir einstakar lóðir:

Hverfisgata 4b. Vegg- og mænishæð stækkunar verði sú sama og á núverandi húsi.

Hverfisgata 6A og 8. Heimilt er að byggja bílskúr með kjallara.

Hverfisgata 12. Ný lóð fyrir nýbyggingu eða flutningshús með steiptum kjallara. Húsið skal staðsett innan byggingarreits hámarksgrunnflötur 70 m². Hámarksveggshæð frá gólfkóta við götu er 320 sm, þakhalli 37°-45°. Lengd kvista má samanlagt ekki vera nema 50% af lengd langveggjar. Húsið skal vera klætt að utan með bárujárni eða timbri.

Hverfisgata 22. Samkvæmt skipulagi frá árinu 1981 er gert ráð fyrir safnaðarheimili Fríkirkjunnar á lóðinni og göngustíg um hana milli Hverfisgötu og Austurgötu. Skipulagið gerir ráð fyrir að núverandi byggingar á lóðinni verði fluttar eða þær rifnar svo framarlega sem Minjastofnun Íslands heimili það.

Samkvæmt þessu skipulagi er gert ráð fyrir safnaðarheimili fríkirkjusafnaðarins á lóðinni, byggingarreitur þess er stækkaður frá gildandi skipulagi og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkað. Aðgengi að efri hæð hússins verði frá stétt aftan við kirkjuna, gólfkótar samkvæmt hæðablaði.

Ef ekki verður reist safnaðarheimili á lóðinni en núverandi byggingar víkja þá er heimilt að reisa einbýlishús, kjallara, hæð og ris og verður hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar þá 0.45. Ekki verður heimilað að reisa fjölbýlishús á lóðinni.

Áður en veitt er leyfi fyrir niðurrifi eða flutningi núverandi bygginga skal samþykki Minjastofnunar Íslands liggja fyrir ásamt uppdrætti að nýbyggingu.

Hverfisgata 23. Heimilt er að hækka portveggi rishæðar hússins um 91 sm og reisa viðbyggingu við bakhlið og suðvesturgafi hússins. Jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Hverfisgata 24. Viðbygging við húsið var samþykkt 9.8.1972 með kvöð um að hún auki ekki á bótafjárhæð bæjarsjóðs ef um eignanám yrði að ræða vegna skipulags. Kvöðinni átti að þinglýsa. Þetta var vegna hugsanlegra uppkaupa af skipulags-ástæðum.

Hverfisgata 28. Heimilt er að byggja pall við götuhæð húss með 1.1. m háu handriði og viðbyggingu við kjallara hússins.

Hverfisgata 31. Heimilt er að reisa garðskála allt að 13 m², hámarksvegghæð 1.8 m.

Hverfisgata 41 og 41 A. Lóðirnar sameinaðar í eina lóð Hverfisgötu 41. Hús á lóðinni er tvíbýlishús. Ásýnd húss frá götu verður óbreytt en breytingar heimilaðar á baklóð. Kvistir sem snúa að Hverfisgötu verði ekki lengri en 50% af lengd húss en kvistir á bakhlið 2/3 af lengd húss. Heimilt er að stækka jarðhæð norðurhluta hússins og gera þaksvalir sem eru aðgengilegar af aðalhæð þess.

Hverfisgata 49. Heimilt er að byggja bílskúr, hámarks lengd 6.2 m og breidd 4.8 m.

Hverfisgata 52b Heimilt er að skipta lóðinni í tvær lóðir, Hverfisgötu 52b og Skóla-braut 5. Á meðan nýtt hús á lóð Skólabrautar 5 er í byggingu er aðgengi með tæki um lóð Hverfisgötu 52b. Kvöð er um Alaskaösp á lóðinni.

Hverfisgata 61 hefur afnotarétt af bílastæðalóð á horninu norðan við húsið.

Hverfisgata 62. Kvöð er um hlyn á lóðinni. Óheimilt er að fjarlægja eða skerða tréð á nokkurn hátt.

Ástæða þykir til að halda í eftirtalin tré:

Alaskaösp á lóð Hverfisgötu 52b.

Hlyn á Hverfisgötu 62 sérstakur vegna þess að lauf hans gulna á haustin, fýsilegt foreldri fyrir hlynframleiðslu fyrir svæðið.

Ilmbjörk á Hverfisgötu 63 sem er beinstofna tré.

Hafa skal samband við garðyrkjustjóra bæjarins áður en hreyft er við trjánnum.

Hverfisvernd götummyndar Hverfisgötu 30-62 felst í að óheimilt er að breyta yfirborði húsa og ekki heimilt að rífa hús nema í undantekningartilvikum. Við byggingu nýrra húsa verður að taka mið af mælikvarða og hlutföllum byggðarinnar. Við viðhald og endurbyggingu húsa er gerð krafa um upprunalegt horf eins og kostur er. Þar sem viðbyggingar eru leyfðar samkvæmt deiliskipulagi skulu þær vera í samræmi við húsið og götummyndina í heild sinni. Óheimilt er að raska hrauni.

Linnetsstígur

Öll húsin við götuna sem eru á skipulagssvæðinu eru byggð fyrir 1925 og því er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Ekki er heimilt að byggja við né stækka núverandi hús.

Mánastígur

Hús við götuna voru byggð á árunum 1938-1953.

Heimilt er að byggja við hús nr 2 samkvæmt almennum skilmálum og byggja bílskúr við hús nr. 6.

Mjósund

Við Mjósund eru húsin byggð á árunum 1928-1955.

Mjósund 8: Heimilt er að byggja tveggja hæða einbýlishús með háu risi. Lengd kvista verði að hámarki 50% af lengd langveggja. Gafli snúi að götu og hámarkshæð mænis er 10 m frá botnplötu. Heimilt er að byggja svalir af miðhæð, allt að 2 m til suðurs og mega þær ná út fyrir byggingarreit. Fella skal húsið sem best að umhverfi lóðarinnar. Hæð gólfplötu miðhæðar skal vera sem næst götuhæð Mjósunds við bílastæði Mjósunds 10. Heimilt er að byggja 20 fermetra garðhús á sérstökum byggingarreit í suðvesturluta lóðar.

Á lóð nr. 13 er heimilt að byggja geymslu á einni hæð með flötu þaki.

Reykjavíkurvegur

Fjögur húsanna við götuna, nr. 4b, 20, 24 og 32, voru byggð 1925 eða fyrr og er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Reykjavíkurvegur 4b: Árið 2007 gaf Húsfriðunarnefnd jákvæða umsögn um stækkun á húsinu en þar var getið um að síðari tíma viðbyggingar yrðu rifnar og var byggingarreitur þá stækkaður til austurs og norðurs. Vegghæð og mænishæð verði sú sama og á elsta hlutanum. Þessir skilmálar gilda áfram.

Skólabraut

Húsið við Skólabraut 1 var byggt 1923 og því er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þess hyggjast breyta því, flytja eða rífa (lög nr. 80/2012).

Á lóð gamla Lækjarskóla er gert ráð fyrir að afmarka betur bíla frá leiksvæði. Á lóðinni verða um 70 bílastæði.

Skólabraut 5 er ný lóð þar sem heimilt er að byggja lítið íbúðarhús, tvær hæðir og ris. Grunnflötur íbúðarhúss verð mest 6.8 m x 7 m og hámarks mænishæð 3.4 m. Neðri hæð hússins verði steipt en efri hæð klædd standandi bárujárnri að utan. Vegghæð frá kjallaragólfi verði að hámarki 6 m. Heimilt er að byggja kvisti þar sem lengd kvists er að hámarki helmingur af lengd langhliðar. Bílastæði á lóð lóð gamla Lækjarskóla verði merkt húsinu og aðeins aðkoma að því um göngustíg á bæjarlandi. Aðgengi á byggingartíma verði um lóð Hverfisgötu 52b. Sérstaklega skal þess gætt að spilla ekki gróðri og hrauni á byggingartíma.

Smyrlahraun

Fjögur hús við götuna voru byggð 1925, nr. 4, 5, 6 og 7. Skytt er að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þeirra hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa (lög nr. 80/2012).

Hús við efri hluta götunnar frá nr. 12 – 25 voru byggð á árunum 1958-1972 og eru flest sæmilega stór einbýlishús, nokkur með aukaíbúð. Ekki eru miklir möguleikar til að byggja við þessi hús.

Sunnuvegur

Gatan byggðist upp á árunum 1934-1954.

Sunnan við götuna eru nokkur fúnkishús sem eru glæsilegir fulltrúar fyrir þann stíl og skal gæta fyllstu varúðar við breytingar á þeim.

Ástæða þykir til að halda í eftirtalin tré:

Einstofna gráreynir og álmur við Sunnuveg 6 og skal hafa samband við garðyrkjustjóra Hafnarfjarðar áður en hreyft verður við trjánum.

Tjarnarbraut

Húsin við götuna voru byggð á árunum 1931-1949 og eru góð dæmi um byggingar-list þess tímabils. Ef hús verða stækkuð skal leitast við að halda götumyndinni. Óheimilt er að hækka þök og þakbrúnir.

Tjarnarbraut 29. Bygging á lóð, matshluti 02, er skráð sem iðnaðarhúsnæði. Heimilt er að breyta húsnæðinu í íbúðahúsnæði ef sótt verður um það og íbúðin uppfyllir kröfur byggingarreglugerðar.

Ástæða þykir til að halda í eftirtalin tré:

Garðahlynur á Tjarnarbraut 3

Ilmbjörk á Tjarnarbraut 5, beinstofna tré með hvítan börk.

Sitkagreni bak við Tjarnarbraut 17, hæsta tré sem vitað er um í bænum, gróðursett 1950.

Hafa skal samband við garðyrkjustjóra Hafnarfjarðar áður en hreyft verður við trjánum.

Urðarstígur

Flest húsanna eru bárujárnsklædd timburhús á steiptum kjallara byggð á þriðja áratug síðustu aldar.

Gatan telst fullbyggð og aðeins er möguleiki að byggja við eitt hús.

Þrjú hús voru byggð fyrir 1925, nr. 1, 2 og 5 og er skytt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef eigendur þess hyggjast breyta því, flytja eða rífa (lög nr. 80/2012).

Vitastígur

Gatan byggðist aðallega upp á árunum 1929-1946.

Vitastígur 5 og 9. Heimilt er að hækka þak þessara húsa. Athuga sérstaklega að ekki verði skuggavarp á næstu lóðir. Port vegna hækkunar má mest vera 40 sm og þakhalli mest 45 gráður.

Núverandi

Deiliskipulagstillaga

Götunr.	Götuheiti	fj. íbúða	bílag.	bygg.ár hús	bygg.ár bílsk.	lööð fm.	Núverandi bygg.magn	N.hl.		Lööð skv. tillögu	Hámarks bygg.magn	stækkun	nhl.
2	Arnarhraun	3	1	1957	1967	856,8	422,9	0,49		856,80	422,90	0,00	0,49
4 og 6	Arnarhraun	10	1	1963	1980	1410,0	1210,3	0,86		1410,00	1287,00	77,00	0,91
8	Arnarhraun	2	1	1957	1966	703,0	315,8	0,45		703,40	315,80	0,00	0,45
10	Arnarhraun	2	1	1959	1996	702,0	307,8	0,44		703,00	315,00	7,00	0,45
12	Arnarhraun	1	1	1949	1979	702,0	239,4	0,34		702,00	260,00	20,00	0,37
14	Arnarhraun	1		1965		702,0	238,7	0,34		702,00	260,00	20,00	0,37
16	Arnarhraun	3		1958		702,0	430,7	0,61		702,00	430,70	0,00	0,61
18	Arnarhraun	5		1965		690,0	535,2	0,78		694,00	535,20	0,00	0,78
20	Arnarhraun	6		1964		632,0	505,9	0,80		633,80	505,90	0,00	0,80
22	Arnarhraun	3		1968		637,0	469,3	0,74		629,30	469,30	0,00	0,75
24	Arnarhraun	3		1966		639,0	439,2	0,69		644,30	439,20	0,00	0,69
26, 26a	Arnarhraun	2	1	1956		638,0	385,0	0,60		651,50	385,00	0,00	0,59
28	Arnarhraun	2	1	1963	1967	639,4	286,0	0,45		644,20	310,00	24,00	0,48
30	Arnarhraun	1	1	1956	1956	639,0	210,4	0,33		644,10	228,00	18,00	0,35
32	Arnarhraun	1	1	1956	1956	639,0	197,8	0,31		644,10	218,00	20,00	0,34
34	Arnarhraun	2	1	1956	1956	650,0	233,0	0,36		663,00	253,00	20,00	0,38
36	Arnarhraun	1	1	1956	1956	663,0	245,1	0,37		663,00	265,00	20,00	0,40
38	Arnarhraun	1	1	1958		806,0	297,0	0,37		806,00	322,00	25,00	0,40
40	Arnarhraun	1	1	1956		918,3	287,1	0,31		918,30	312,00	25,00	0,34
42	Arnarhraun	1	1	1947	1958	780,0	232,9	0,30		780,00	258,00	25,00	0,33
44	Arnarhraun	1	1	1957	1957	780,0	244,1	0,31		780,00	269,00	25,00	0,35
46	Arnarhraun	2		1957		780,0	290,0	0,37		780,00	340,00	50,00	0,44
47	Arnarhraun	1	1	1956	1958	842,9	288,2	0,34		841,90	313,00	25,00	0,37
48	Arnarhraun	2	1	1957	1967	1171,0	362,0	0,31		1226,40	387,00	25,00	0,32
49	Arnarhraun	spennist		1952		36,1	17,5	0,48		36,00	17,50	0,00	0,48
50	Arnarhraun	0				721,0	0,0	-		721,00	560,00	560,00	0,78

57

breyting yfir 20 m²

breyting minni en 20 m²

Núverandi

Deiliskipulagstillaga

Götunr.	Götuheiti	fj. íbúða	bílag.	bygg.ár hús	bygg.ár bílsk.	lód fm.	Núverandi bygg.magn	N.hl.		Lód skv. tillögu	Hámarks bygg.magn	stækkun	nhl.
3	Austurgata	1	1	1923	1950	247,9	205,6	0,83		247,90	205,60	0,00	0,83
5	Austurgata	1		1908		210,0	131,9	0,63		222,50	137,00	5,00	0,62
7	Austurgata	2	1	1918	1918	180,0	287,1	1,59		218,60	287,10	0,00	1,31
9	Austurgata	2		1912		280,0	248,8	0,89		431,60	248,80	0,00	0,58
11	Austurgata	1		1921		659,4	280,7	0,43		659,90	280,70	0,00	0,43
17	Austurgata	1	1	1913	1913/1955	315,0	228,3	0,73		341,50	228,30	0,00	0,67
19	Austurgata	2	1	1915	1915	315,0	260,6	0,83		315,80	260,60	0,00	0,83
21	Austurgata	1	skúr	1915	1940	290,0	208	0,72		289,80	208,00	0,00	0,72
23	Austurgata	1		1920		195,0	174,6	0,89		211,20	174,60	0,00	0,83
25	Austurgata	2	1	1928	1935	973,0	211,7	0,22		974,00	252,00	40,00	0,26
27	Austurgata	3		1928		200,0	176,9	0,88		203,00	177,00	0,00	0,87
27B	Austurgata	1	1	um 1910	1964	453,0	178,8	0,39		503,70	195,00	16,00	0,39
29	Austurgata	3		1926		356,5	230,0	0,65		346,20	230,00	0,00	0,66
29B	Austurgata	1		1920		472,0	216,8	0,46		569,10	232,00	15,00	0,41
31	Austurgata	1	sk.	1892	1997	181,6	98,3	0,54		217,40	98,30	0,00	0,45
33	Austurgata	1		1948		816,1	131,5	0,16		816,10	190,00	58,00	0,23
35	Austurgata	1	1	1983	1985	667,0	214,0	0,32		763,20	234,00	20,00	0,31
37	Austurgata	1		1928		443,1	210,6	0,48		443,10	210,00	0,00	0,48
41	Austurgata	1	1	1919	1955	771,0	211,3	0,27		771,00	231,00	20,00	0,30
43	Austurgata	1		2005		500,7	193,3	0,39		502,30	213,00	20,00	0,42
45	Austurgata	1		1923		270,0	176,5	0,65		297,80	176,50	0,00	0,59
47	Austurgata	1	ve. gey.	1917	1933	423,0	267,4	0,63		418,80	350,00	83,00	0,84

30

breyting yfir 20 m²

breyting minni en 20 m²

Núverandi

Deiliskipulagstillaga

Götunr.	Götuheiti	fj. íbúða	bílag.	bygg.ár hús	bygg.ár bílsk.	lóð fm.	Núverandi bygg.magn	N.hl.		Lóð skv. tillögu	Hámarks bygg.magn	stækkun	nhl.
1	Álfaskeið	1		1925		429,0	163,3	0,38		434,20	184,00	20,00	0,42
3	Álfaskeið	1	1	1926	1989	500,0	151,3	0,30		545,10	167,00	15,00	0,31
4	Álfaskeið	1		1919		349,5	204,0	0,58		349,50	204,00	0,00	0,58
6	Álfaskeið	2	1	1927	1955	178,8	257,6	1,44		194,20	257,60	0,00	1,33
10	Álfaskeið	3		1953		864,0	265,1	0,31		864,20	335,00	70,00	0,39
14	Álfaskeið	2		1958		353,0	236,9	0,67		477,80	287,00	50,00	0,60
16	Álfaskeið	1		1955		1282,7	172,3	0,13		1282,70	300,00	128,00	0,23
18	Álfaskeið	2		1949		1139,4	387,2	0,34		1139,40	420,00	33,00	0,37
24	Álfaskeið	1	1	1942	2003	240,0	184,0	0,77		261,80	184,00	0,00	0,70
26	Álfaskeið	1		1935		210,0	148,9	0,71		262,50	148,90	0,00	0,57
27-29	Álfaskeið	4		1947		728,0	402,7	0,55		728,10	402,70	0,00	0,55
28	Álfaskeið	1	1	1945	1955	300,0	162,7	0,54		382,50	178,00	15,00	0,47
30	Álfaskeið	2		1954		312,0	291,3	0,93		315,60	291,30	0,00	0,92
31	Álfaskeið	4		2008		863,4	922,6	1,07		863,40	922,60	0,00	1,07
32	Álfaskeið	3		1955		321,0	261,2	0,81		327,90	261,20	0,00	0,80
33	Álfaskeið	1		1999		397,5	177,1	0,45		397,50	177,10	0,00	0,45
33A	Álfaskeið	1		1999		397,5	177,1	0,45		397,50	177,10	0,00	0,45
34	Álfaskeið	2	1	1953	1992	319,5	252,5	0,79		315,40	252,50	0,00	0,80
35-37	Álfaskeið	4	1	1947	2010	712,4	439,5	0,62		712,40	478,80	39,30	0,67
36	Álfaskeið	1		1948		437,0	171,2	0,39		560,50	301,00	30,00	0,53
38	Álfaskeið	1	1	1948	1948	1050,0	374,8	0,36		1289,00	405,00	30,00	0,31
39-41	Álfaskeið	4	1	1947	2011	705,6	437,2	0,62		705,60	476,50	39,30	0,67
40	Álfaskeið	3	1	1955	1956	857,0	402,3	0,47		914,60	402,30	0,00	0,44
42	Álfaskeið	3	1	1954	1962	923,0	284,5	0,31		915,20	309,00	24,00	0,34
43-45	Álfaskeið	4		1947		723,9	406,7	0,56		723,90	485,30	78,60	0,67
44	Álfaskeið	3		1962		640,0	311,6	0,49		645,20	362,00	50,00	0,56
46	Álfaskeið	1		1954		822,0	190,1	0,23		677,90	210,00	30,00	0,31
47-49	Álfaskeið	4	2	1947	2008	759,0	465,3	0,61		759,00	487,90	22,60	0,64
48	Álfaskeið	2	1	1948	1957	624,8	304,7	0,49		624,00	304,70	0,00	0,49
50	Álfaskeið	1		1963		550,0	329,9	0,60		550,00	329,90	0,00	0,60

64

breyting yfir 20 m²

breyting minni en 20 m²

Núverandi

Deiliskipulagstillaga

Götunr.	Götuheiti	fj. íbúða	bilag.	bygg.ár hús	bygg.ár bílsk.	lóð fm.	Núverandi bygg.magn	N.hl.	Lóð skv. tillögu	Hámarks bygg.magn	stækkun	nhl.
51-53	Álfaskeið	4		1947		808,7	431,8	0,53	808,70	471,10	39,30	0,58
52	Álfaskeið	1	1	1959	1982	611,0	214,4	0,35	612,30	232,00	18,00	0,38
54	Álfaskeið	2	1	1958	1958	685,4	277,1	0,40	685,70	301,00	24,00	0,44
55	Álfaskeið	2		1958		631,0	219,6	0,35	635,50	250,00	30,00	0,39
56	Álfaskeið	2	1	1967	1983	550,0	251,4	0,46	803,30	251,40	0,00	0,31
57	Álfaskeið	1		1956		645,0	174,6	0,27	649,10	225,00	50,00	0,35
58	Álfaskeið	1		1960		550,0	204,0	0,37	761,20	244,00	40,00	0,32
59	Álfaskeið	1		1956		658,0	183,6	0,28	960,50	214,00	30,00	0,22
60	Álfaskeið	2		1961		550,0	287,4	0,52	707,90	287,40	0,00	0,41
5	Gunnarssund	1		1912		169,0	180,7	1,07	204,90	180,70	0,00	0,88
6	Gunnarssund	2		1910		204,0	146,5	0,72	205,00	147,00	0,00	0,72
7	Gunnarssund	1		1924		123,0	105,2	0,86	159,60	105,20	0,00	0,66
8	Gunnarssund	4		1929		276,0	402,3	1,46	298,60	402,30	0,00	1,35
9	Gunnarssund	1		2011		199,5	134,7	0,68	199,50	150,00	15,00	0,75
10	Gunnarssund	1	versl/s	1924	1970	266,0	267,6	1,01	297,80	267,60	0,00	0,90
3	Hverfisgata	1	1	1931	1931	275,3	172,8	0,63	275,30	172,80	0,00	0,63
4	Hverfisgata	1		1860		219,0	142,2	0,65	218,70	142,00	0,00	0,65
4B	Hverfisgata	1	1	1984	2009	295,8	144,7	0,49	295,80	181,00	36,00	0,61
5	Hverfisgata	1	1	1923	1958	191,0	131,4	0,69	191,90	131,40	0,00	0,69
6	Hverfisgata	1		1932		153,0	167,1	1,09	152,90	167,00	0,00	1,09
6A	Hverfisgata	1		1930		386,0	127,5	0,33	398,00	177,00	50,00	0,44
6B	Hverfisgata	1	1	1908	2005/2009	414,4	302,1	0,73	414,40	302,00	0,00	0,73
7	Hverfisgata	1	1	1920	1959	259,0	228,7	0,88	259,00	228,70	0,00	0,88
8	Hverfisgata	1		1913		561,0	135,7	0,24	560,90	196,00	60,00	0,35
9	Hverfisgata	1	1	1926	1992	221,0	181,9	0,82	198,00	181,90	0,00	0,92
10	Hverfisgata	2		1926		238,0	192,3	0,81	377,70	192,30	0,00	0,51

38

breyting yfir 20 m²
breyting minni en 20 m²

Núverandi

Deiliskipulagstillaga

Götunr.	Götuheiti	fj. íbúða	bilag.	bygg.ár hús	bygg.ár bilsk.	lóð fm.	Núverandi bygg.magn	N.hl.	Lóð skv. tillögu	Hámarks bygg.magn	stækkun	nhl.
11	Hverfisgata	1		1929		195	138,6	0,71	162,00	138,60	0,00	0,86
12	Hverfisgata								228,00	150,00		0,66
13	Hverfisgata	1		1913		373,7	154,0	0,41	372,70	168,00	14,00	0,45
13B	Hverfisgata	1		1932		403,2	152,6	0,38	403,60	152,60	0,00	0,38
14	Hverfisgata	1		1916		200,0	164,8	0,82	236,90	164,,8	0,00	0,70
15	Hverfisgata	1		1928		334,1	207,2	0,62	348,60	207,20	0,00	0,59
16	Hverfisgata	3		1930		117,0	162,3	1,38	160,80	162,30	0,00	1,00
